



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**631. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjárfundi, mánudaginn 17. ágúst 2026
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Hildur Björnsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Hilmar Gunnarsson, Jóhanna Hreinsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Þórður Þórarinnsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Hildur Björnsdóttir formaður stjórnar SSH setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Lagt er til að stofnað verði til vinnustofu stjórnar SSH og sérfræðingahóps sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar um ljósaðstýringar á höfuðborgarsvæðinu þar sem markmiðið yrði að meta eftirfarandi:

1. Stöðu mála umferðarljósaðstýringa.
2. Fjárfestingarþörf og mat á úrbótum m.a. með tilliti til nýjustu tækni.
3. Fjárfestingagetu BS ohf og sveitarfélaganna til að flýta verkefnum.

Að þessari vinnu lokinni verður unnin tillaga sveitarfélaganna um leiðir og fjárfestingar, í samstarfi sveitarfélaganna og BS ohf.

Niðurstaða:

Samþykkt. Framkvæmdastjóra er falið að undirbúa og boða til vinnustofunnar.

2. Almenningsamgöngur - Þjónustusamningur og fjárhagsáætlun - 2608003

Í ljósi þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á fyrirkomulagi almenningsamgangna þarf m.a. að ræða innihald og feril þeirrar fjárhagsáætlunar ASHB ohf. sem nú liggur fyrir og hefur verið send sveitarfélögunum til afgreiðslu. Áætlunin var kynnt samráðshópi til samræmis við þjónustusamning ríkis og sveitarfélaga við ASHB ohf. á fundi hópsins 7. júlí sl.

Niðurstaða:

Umræður. Framkvæmdastjóra er falið að boða til fundar þar sem fyrirliggjandi fjárhagsáætlun verði til umræðu og eigendafundur Strætó bs. verði haldinn í tengslum við þann fund.

3. Fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum o.fl. - 2311003

Fyrirliggjandi er minnisblað um eftirstæð verkefni sveitarfélaganna á sviði heilbrigðiseftirlits og hugsanleg næstu skref í ljósi lagabreytinga á því sviði.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Niðurstaða:

Umræður. Framkvæmdastjóra er falið að vinna áfram að málinu til samræmis við umræður fundarins um stofnun vinnuhóps.

4. Hinsegin félagsmiðstöð - 2407010

Fyrirliggjandi er erindi frá Samtökunum '78, þar sem fram kemur ósk um aðkomu SSH að rekstri hinsegin félagsmiðstöðvar. Óskað var eftir greiningu Skólamálanefndar SSH á þeirri þjónustu sem til staðar er og liggur hún fyrir fundinum.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Umræður. Skólamálanefnd SSH verði falið að skoða frekar möguleika á samstarfi og samræmingu þessa félagsstarfs milli sveitarfélaga, t.a.m. með tilliti til skörunar opnunartíma.

5. Breytingar á skipulagslögum - 2608004

Fyrirliggjandi er áformaskjal, sem birt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda, um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010. Það var jafnframt kynnt fyrir Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins á fundi hennar 14. ágúst sl.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

6. Stefnumótandi byggðaaætlun 2027-2041 - 2608005

Hvítbók um byggðamál, þar sem kynnt eru drög að stefnumótandi byggðaaætlun til 15 ára og aðgerðaaætlun til fimm ára, hefur verið birt til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda. Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn SSH.

Niðurstaða:

Samþykkt.

7. Aðalfundur SSH 2026 - 2608001

Komið er að Hafnarfirði að hýsa aðalfund SSH en gerð er tillaga um að aðalfundurinn fari fram föstudaginn 13. nóvember 2026.

Niðurstaða:

Samþykkt. Skrifstofu SSH er falið að undirbúa fundinn í samráði við sveitarfélagið.

8. Önnur mál - 2110011

Umræður um fyrirkomulag aðalfunda SHS og hvort skoða eigi hvort aðalfundir SSH og SHS skuli vera sameiginlegir.

Umræður um samvinnu sveitarfélaganna á sviði gervigreindar.

Niðurstaða:

Aðalfundir SHS og SSH verði haldnir sameiginlega. Jafnframt verði skoðað hvort



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

fýsilegt sé að halda ársfundi annarra byggðasamlaga á sama tíma.

Framkvæmdastjóri mun senda stjórn nánari upplýsingar um sóknaráætlunarverkefni á sviði gervigreindar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:15.